

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Stofnun Wilhelms Beckmann.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Stofnun Wilhelms Beckmann og er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn og starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum og stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Kópavogi.

3. gr.

Stofnendur.

Stofnendur Stofnunar Wilhelms Beckmann eru Hrefna Beckmann, kt. 200740-3949, dóttir Wilhelms Beckmann; eiginmaður hennar Jón Þór Þórhallsson, kt. 210639-4549; Einar Beckmann, kt. 260344-2699, sonur Wilhelms Beckmann; og Kópavogsbær, kt. 700169-3759.

4. gr.

Stofnfé.

Stofnfé Stofnunar Wilhelms Beckmann er kr. 5.045.000 krónur fimmílljónirognfjórtinguogfimmþúsund, sem lagt er fram af stofnendunum, Hrefnu Beckmann og Jóni Þór Þórhallssyni. Jafnframt leggja þau til stofnunarinnar verk í eigu sinni er voru á yfirlitssýningu Wilhelms Beckmann á Borgum er hófst 15. desember 2012 og voru afhent Bæjarbókasafni Kópavogs í lok hennar. Þá leggur Kópavogsbær til stofnunarinnar öll verk Wilhelms Beckmann sem eru í eigu bæjarins, þ.m.t. verk er gefin voru af erfingjum til Bæjarbókasafns Kópavogs með gjafabréfi dagsettu 12. júní 2010.

Af stofnfé varðveitist á núgildandi verðlagi kr. 1.045.000 sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxtað með tryggilegum hætti. Fjárhagslegar skuldbindingar stofnunarinnar umfram stofnframlag eru stofnendum óviðkomandi. Stjórn er heimilt að hækka óskerðanlegan höfuðstól stofnunarinnar.

5. gr.

Tilgangur.

Hlutverk Stofnunar Wilhelms Beckmann er að varðveita sögu, listsköpun og listaverk Wilhelms Beckmann, kynna þau og sýna almenningi á Íslandi og erlendis. Jafnframt að styðja unga myndhöggvara til listnáms, enda leyfi fjárhagur stofnunarinnar það.

Hlutverki sínu sinnir stofnunin m.a. með því að:

- a. Halda úti sýningu allt árið á list Wilhelms Beckmann í húsæði Bæjarbókasafns Kópavogs sem Kópavogsbær leggur til.
- b. Eiga frumkvæði að og efna til annarra sýninga á list Wilhelms Beckmann á Íslandi og erlendis.
- c. Kynna list Wilhelms Beckmann fyrir blaðamönnum, sýningarstjórum, ferðamönnum, (sérstaklega þýskum) og öðrum aðilum.
- d. Taka þátt í samstarfi um vinnustofur og kynningum á list Wilhelms Beckmann.
- e. Hafa forgöngu um að skrá verk Wilhelms Beckmann og hafa aðgengilegt yfirlit yfir þau.
- f. Veita ráðgjöf um kynningu á list Wilhelms Beckmann til þeirra sem þess óska.
- g. Standa að kaupum eða útvegun á annan hátt s.s. með gjöfum, á list Wilhelms Beckmann, til að auka safnkost stofnunarinnar.
- h. Gefa út efni um ævi og/eða list Wilhelms Beckmann hvort sem er á pappírs- eða rafrænu formi. Auk þess að koma upp vef þar sem upplýsingum um sögu, listsköpun og listaverk

Wilhelms Beckmann er komið á framfæri, auk annarrar upplýsingastarfsemi sem best þykir hæfa hverju sinni. Ritstjórn og ábyrgð á efni vefsins er á hendi stjórnar og forstöðumanns, verði hann ráðinn.

- i. Framleiða muni byggða á listsköpun Wilhelms Beckmann, til að fjármagna verkefni er samrýmast tilgangi stofnunarinnar.
- j. Veita viðtöku gjöfum og styrktarfé til stuðnings tilgangi stofnunarinnar.
- k. Veita ungum myndhöggvurum fjárstyrki til listnáms á Íslandi eða erlendis.
- l. Taka þátt í öðru samstarfi sem forstöðumaður og stjórn telja að þjóni markmiðum stofnunarinnar.

6. gr.

Stjórn.

Starfsemi stofnunar Wilhelms Beckmann er á ábyrgð stjórnar og forstöðumanns, verði hann ráðinn. Stjórn stofnunarinnar skipa þrír menn. Skal einn tilnefndur af ættingjum Wilhelms Beckmann, einn fulltrúi tilnefndur af Kópavogsbæ og einn af ættingjum Wilhelms Beckmann og Kópavogsbæ sameiginlega. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórnarmenn eru tilnefndir til þriggja ára í senn og mega ekki sitja meira en þrjú tímabil að undanskildum fulltrúa ættingja Wilhelms Beckmann sem sætir ekki slíku skilyrði. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann, varaformann og ritara til eins árs í senn.

7. gr.

Fundarboðun.

Stjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárreiðum og fjárvörslu stofnunarinnar og samþykkir fjárhagsáætlun árlega. Stjórn ber ábyrgð á ávöxtun fjár stofnunarinnar en heimilt er að fela viðurkenndum fjárvörsluaðila umsjón með fjármunum stofnunarinnar. Allar meiri háttar fjárskuldbindingar eru háðar samþykki allra stjórnarmanna.

Stjórn tekur ákvarðanir um ráðstöfun fjár til ungra myndlistarmanna samkvæmt starfsreglum sem hún setur. Í þeim skal m.a. kveðið á um að stjórn veiti styrki á grundvelli umsókna; umsóknarfresti, auglýsingar styrkja og önnur frekari skilyrði fyrir styrkveitingum sem stjórn telur nauðsynleg. Í starfsreglum skal einnig koma fram hversu háu hlutfalli af ávöxtun fjármuna stofnunarinnar er heimilt að ráðstafa árlega.

Þá skal stjórnin vera virk í að byggja upp samskipti við styrktaraðila sem vilja leggja starfsemi sinni lið. Stjórn skal eftir því sem kostur er, taka tillit til óska gefenda um ráðstöfun einstakra gjafa. Nánar skal kveðið á um þetta í starfsreglum stjórnar.

8. gr.

Forstöðumaður.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða forstöðumann ef það er talið nauðsynlegt og þarf samþykki allra stjórnarmanna fyrir þeirri ráðningu. Ef ráðinn er forstöðumaður skal hann vera yfirmaður stofnunarinnar, ráðinn af stjórn hennar til þriggja ára í senn. Forstöðumaður á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Forstöðumanni ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum. Hann mótar starfsemi stofnunarinnar og er ábyrgur fyrir henni gagnvart stjórn. Hann sér um daglegan rekstur og stjórn fjármála í umboði stjórnar, vinnur að fjáröflun og undirbýr gerð fjárhagsáætlunar og annast reikningsskil. Hann leggur fjárhagsáætlun fyrir stjórn til samþykktar og er ábyrgur fyrir framkvæmd hennar gagnvart stjórn. Hann ræður annað starfsfólk stofnunarinnar. Í ráðningarsamningi forstöðumanns skal kveðið á um

starfstíma og starfskjör að öðru leyti. Ráðning hans skal tilkynnt á ársfundi. Starf forstöðumanns skal auglýst laust til umsóknar í fjölmiðlum. Forstöðumaður situr stjórnarfundum með málfrelsis- og tillögurétt nema sérstakar ástæður mæli gegn því, s.s. þegar fjallað er um starfskjör hans.

Ef ekki er ráðinn forstöðumaður skal stjórn gegna framangreindu hlutverki. Heimilt er að greiða stjórnarmönnum laun fyrir störf sín sem eru í samræmi við laun stjórnarmanna í sambærilegum stofnunum, enda leyfi fjárhagur stofnunarinnar það.

9. gr.

Um fjárhag og reikningsskil.

Tekjur Stofnunar Wilhelms Beckmann, auk vaxta af stofnframlagi, eru frjáls framlög frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum, auk annars aflafjár. Fé stofnunarinnar skal einvörðungu varið til að standa straum af þeim kostnaði sem til fellur við að vinna að markmiðum þeim sem skilgreind eru í 2. gr., auk annarra verkefna skv. skipulagsskrá þessari.

Gera skal einstaklingum og öðrum lögaðilum kleift að gerast styrktaraðilar stofnunarinnar, skv. nánari ákvörðun stjórnar um styrktarmannakerfi.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsár Stofnunar Wilhelms Beckmann er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Í fyrstu viku marsmánaðar ár hvert skal leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn til afgreiðslu:

1. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
2. Ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Stofnunar Wilhelms Beckmann skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða tveimur skoðunarmönnum, sem skipaðir eru af stjórn til a.m.k. tveggja ára í senn. Endurskoðendur má ekki skipa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

Formaður stjórnar skal sjá til þess að ársreikningur berist Ríkisendurskoðun með tilskildum hætti ár hvert.

11. gr.

Húsnæði.

Stjórnin gerir samning við Kópavogsbæ um hentugt sýningarhúsnæði fyrir sýningar á list Wilhelms Beckmann. Stjórninni er heimilt að gera samninga við ráðuneyti, sveitarstjórnir, félög og stofnanir svo fremi sem verkefnin falli að markmiðum stofnunarinnar.

12. gr.

Breyting samþykktar, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Breytingar á skipulagsskránni verða aðeins samþykktar á löglega boðuðum fundi stjórnar enda hafi tillaga um slíkar breytingar verið kynnt í fundarboði. Hið sama á við um ákvörðun um slit stofnunarinnar eða sameiningu hennar við aðra aðila. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 2. gr. eða skyldra markmiða.

13. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 16. ágúst 2013.

Bjarni Stefánsson.

Lára Kristín Gísladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2013